



# Hlemmur

Áning fyrr og nú



# Hlemmur

## Áning fyrr og nú

### Efnisyfirlit

Fortíð	5
Nútið	7
Markmið	11
Hugmyndafræði	13
Umferð	15
Rýmismyndun og landmótun	19
Gróður	21
Lýsing	21
Matarmenning	23
Sögulegar skírskotanir	25
Vatnn	25



## Hlemmur

### Áning fyrr og nú

#### Fortíð

Gluggi inn í gamla tíma sýnir hesta bera þungar byrðar til og frá miðbænum, sveittir og þyrstir svala þeir þorstanum í vatnsprónni við Hlemm. Í Norðurlandinu sækir einn hestahirðirinn ábreiðu fyrir hrossin sem bíða úti í neðrunni meðan hann fær sér veitingar og jafnvel blund.

Upp og niður Laugaveg þramma þvottakonur með bala og þvottahlass á bakinu, á leið til eða frá þvottalaugunum í Laugardal. Rauðaráin liðast mýrarrauð í gegnum svæðið í átt til sjávar og hlemmurinn yfir hana getur varla talist brú. Hlemmur var eins konar hlið inn í bæinn og hefur án vafa verið staður þar sem fólk hittist og skrafaði saman á leið sinni til og frá bænum m.a í verslunar tilgangi.

Staðurinn hefur verið samgönguæð frá örófi alda, í mismunandi myndum eftir tíð og tíma, frá gangandi -og ríðandi umferðar til einka- og leigubíla og strætisvagna.

Nú er komið að því að uppfæra Hlemm aftur til nútímaparfa, þar sem almenningsamgöngur og mjúkur ferðamáti fá forgang og mannlíf blómstrar í takt við nýja tíma.





## Nútið

Ég er á göngu um Hlemm á sólríkum sumardeg, það iðar allt af mannlífi og hljómsveit er að spila á torginu. Rafmagnsknúinir almenningsvagnar líða hjóðlaust um norðan við svæðið og fólk flæðir inn á torgið. Nánast allan hringinn á torginu situr fólk við byggingarnar og gæðir sér á veitingum og drykk. Margir eiga leið í gegnum torgið og nokkrir bregða sér í heitt fótabað að hvíla lúin bein, aðrir sitja með eigið nesti á setstóllum torgsins. Lítil krakki sullar berfættur í grunnri tjörninni á torginu.

Ég ákveð að leggja hjólinu mínu og fara inn í Græna skála og skoða hvað er til af ferskmeti beint frá bónda ásamt öðrum spennandi matvörum. Þetta minnir mig á Torvehallerne í Kaupmannahöfn, mann langar að smakka allt, best að kaupa blóm handa mömmu með afmælisgjöfni. Rekst á Margræti vinkonu mína sem er næstum aldrei á landinu, við ákveðum að fá okkur snarl saman í Mathöllinni. Ég tek eftir að kokkurinn sækir kryddjurtir út í lítið gróðurhús vestan við bygginguna. Við fáum okkur ís í eftirmat hjá Ísleifi heppna og setjumst út á torg.






Eftir notalegt spjall í sólinni fylgi ég henni að nýju borgarlínubiðstöðinni sem er ótrúlega snjöll og nútímaleg. Hægt er að velja á milli tveggja mismunandi skýla eða að bíða undir þaki úti. Eftir að miðinn er stimplaður er hægt að fara inn í upphitun glerskýlin, þar sem hægt er að hlaða símann, nettengjast, kynna sér hvað er í gangi í menningarlífi borgarinnar, hlusta á nýútgefna íslenska tónlist, eða bara sitja og njóta í gróðurvæddu skýlinu. Lýsingin í skýlunum ræðst af árstíma og birtustigi úti, á veturna gefa þau frá sér notalega bjarma, minna á gróðurhús, þar sem notalegt verður að bíða af sér slagveðrin.

Hér kveð ég kæra vinkonu mína og held til baka að hjólinu mínu, ég sé að það er líka hægt að leigja hjól og meira að segja deilibílar eru staðsettir við torgið meðfram Laugavegi. Gamla Hlemmklukkan á torginu er 17:30, þarf að drífa mig í afmælistatinn, reyna að vera ekki of sein í þetta skiptið. Mér verður hugsað til gamalla tíma þegar ég lít á styttna af burðarjálkinum á torginu, þetta er greinilega meri því folaldið fylgir með. Fleira minnir á gamla tíma, guli reffillinn á Laugaveginum til heiðurs þvottakonunum, og tjarnirnar sem minna á Rauðará og vatnsþróna, ég hugsa til þess hvað fólk stritaði áður fyrr, ég er fegin að lifa á okkar tímum verð ég að segja.






## Markmið

Við hönnun umhverfis Hlemms var sérstaklega horft til þess að:

- vinna með sögulegar skírskotanir frá svæðinu
- styrkja mannlíf á torginu, skapa skjól og notaleg dvalar-svæði, með mismunandi innihaldi
- styðja við og efla enn frekar matarmenningu við Hlemm
- bæta aðbúnað þeirra sem nota almenningssamgöngur og efla mjúka ferðamáta
- vinna með snjöllu Reykjavík, þar sem m.a tæknin er nýtt til að samnýta farartæki og gera almenningssamgöngur notendavænni
- nýta landhallann á svæðinu til að móta áhugaverð dvalar-rými ásamt því að leysa aðgengi fyrir alla
- nota vatn sem upplifun, bæði kalda og heita vatnið, ásamt því að vinna með regnvatnslausnir á yfirborðinu



- Matartengdar byggingar
- Virkt torgrými
- Aðalgönguleiðir
- Umferðatengd rými og mannvirki
- Hús skapandi greina



### Hugmyndafræði

Meginhugmynd tillögunnar er tvíþætt, í fyrsta lagi að skapa skjólgott og sól-ríkt torg fyrir fjölbreytt mannlíf og í öðru lagi að leysa umferðaflæði á einfaldan og skilvirkann hátt.

Lögð er áhersla á almenningssamgöngur og þær gerðar að spennandi kosti með nútímaþægindum og tæknilausnum. Mjúkir ferðamatár eru í öndvegi, en jafnframt er aðgengi bíla og rúta leyst í nálægð við torgið.

Megin gönguleiðir eru greiðar í gegnum svæðið og eru þær jafnframt dregnar fram með leiðandi yfirborðsmeðhöndlun -og rýmismótun.


Byggingar eru staðsettar til rýmis og skjólmyndunar en einnig er hugað að innihaldi sem getur auðgað mannlíf á torginu. Landhalli er nýttur markvist til rýmismótunar með innbyggðum set -og dvalarsvæðum.

Fjölbreytt matarmenning er burðarás í starfsemi bygginganna, en hugmyndin er að innihald þeirra bæti við og styðji þá nálgun sem Mathöllin byggir á, en hún verður eftir sem áður aðal segull torgsins.

Tillagan leikur sér að margs konar skynjunum og upplifunum, ásamt sögulegum skírskotunum. Torgið býður gestum til sætis í gróðursælu umhverfi, sem heldur utan um margskonar félagslegar athafnir, má þar nefna árstíðabundna markaðsmöguleika og skemmtanahald af ýmsum toga.


Með torginu er kominn segullinn sem vantaði á annan enda Laugavegar, endurnýjað hlið að miðbænum, einnig kærkomið fyrir stækkandi íbúðabyggð í nágrenninu.

„Vertu memm á torginu við Hlemm“




**Sól, skjól og skuggi**  
Skuggavarp klukkan klukkan  
12:30 og 18:00 21. júní

**Landhalli, vatn og gróður**  
Yfirborðsvatn af torgi rennur í  
tjarnirnar.








 megin gönguleiðir

 hjólastígar

 borgarlína/strætó

 bílvegir

 blönduð umferð

 einstefna

 P-innakstur



### Umferð

Forsenda þess að endurhanna torgið er að endurskoða núverandi gatnakerfi og umferðarskipulag.


Í tillögunni er gert ráð fyrir að einungis almenningssamgöngur fari um Lauga-veg/ Hverfisgötu frá gatanótum Mjólnisholts að Snorrabraut, en frá þeim gatanótum er tryggð aðkoma að bílastæðum við íbúðahús. Aðkoma akandi að lögreglustöð og bílastæðum liggur um Bríetargötu og

Rauðarárstíg en sunnan við lögreglustöð er gert ráð fyrir einstefnugötu þar sem hjól og bílar samnýta akrein í aðra áttina.

Gert er ráð fyrir einstefnu eftir Rauðarárstíg og Laugavegi frá gatanótum við Stakkholt að Snorrabraut. Á þeim kafla er gert ráð fyrir tveimur tvöföldum rútustæðum, sex leigubílastæðum ásamt fimm deilíbílastæðum auk þriggja stæða við Tryggingarstofnun, þar af tvö stæði fatlaðra.



aðgengi í vagn



opin sýn að vagni



app/miði + skann = hlýtt, skjól  
vistlegt, snjallt  
bjart, öruggt





Gert er ráð fyrir að almenningssvagnar geti beðið í skammtíma hleðslu eða til að hleypa öðrum fram fyrir sig, sitt hvoru megin við akstursstefnu allt að fjórir í einu.

Til að forðast árekstra við fólk á leið úr og í strætó eru hjólaleiðir sameinaðar norðan við götu, en hjólastígar í Laugardal halda áfram með þeim hætti í dag. Gert er ráð fyrir yfirbyggðu hjólaskýli í nálægð við biðstöðvar og deilihjólum að austanverðu við torgið.

Auk þessara ferðamáta er umferð gangandi gert hátt undir höfði, þar sem megin göngustefnur eru greiðar og í forgangi þar sem þær þvera akstur. Meðfram húsaröð við Laugaveg að norðanverðu er gert ráð fyrir fimm metra breiðri gangstétt. Þannig er gert ráð fyrir að megingönguleiðin að Laugardal verði þeim megin, en einnig skapað pláss fyrir setsvæði við byggingar, enda skjólgott og sólríkt þarna megin götu.

Upphitið biðskýli strætó með nútímatæknilausnum og þægindum bjóða notandann velkominn og gerir þau á pari við nýjustu metróstöðvar erlendis.



### Rýmismyndun og landmótun

Núverandi byggingar skapa sterkan ramma fyrir torgið, en þar sem borgarlínan klýfur torgið frá núverandi húsaröð er lagt til að byggð verði lengja gróðurhúsa, sem mun hýsa matarmarkaði og litla veitingastaði þeim tengdum. Rækta mætti í þeim matvæli í litlum mæli og í það minnsta gróðurvæða þau, þannig yrðu þau björt græn hleðsla í amstri dagsins. Norðurpóllinn er staðsettur í beinu framhaldi þeirra. Með þessu móti skapast skjólgóð og sólrík hlið að torginu, þar sem veitingastaðir geta flætt út á torg.



Snið A-A  
kvarði 1:200





Þar sem bílaumferð er ekki lengur um Rauðarárstíg skapast tækifæri til að byggja hús við hlið Gasstöðvarinnar, með starfsemi af svipuðum toga og nú er, en saman mynda þau ásamt núverandi húsi, rými og dvalarsvæði á móti suðri.

Auk þessara bygginga er lagt til að byggð verði um 62 m<sup>2</sup> geymsla vestan við Mathöll, sem hýsir lager og flokkun úrgangs. Einnig kæmi til greina að leysa flokkun úrgangs í djúpgámum fyrir utan geymsluna á þessu svæði.

Í tillögunni er hæðarmismunur til suðausturs nýttur til að skapa rými og setsvæði fyrir torgið, en um leið er tryggt aðgengi fyrir alla eftir rampa frá torginu. Óformlegt svið myndast í stöllum sem hægt er að nýta til skemmtana á torginu.

### Gróður

Gróður er nýttur til að skapa skjól og rými og eru setbækkir á flestum stöðum innbyggðir á kanti í jaðri beðanna.

Til að skapa sem best skilyrði fyrir gróðurinn eru beðin rúmgóð og þannig að innan þeirra rúmast fjölbreytt gróðurval, sem getur blómstrað á mismunandi tímum. Gróðurinn skapar stemmingu eftir árstíðum og er síbreytilegur, auk þess sem hann veitir almenna vellíðan.

Einnig er gert ráð fyrir trjám í göturýmum þar sem pláss leyfir ásamt gróðureyjum til aðgreina ferðamáta.

Meðfram gróðurhúsunum götumegin er gert ráð fyrir aflíðandi grasbrekku upp á veggi til að skapa grænni götumynd og draga úr hæð þeirra, en auk þess sitja þau um 70-100cm neðar en gatan. Grashallinn skapar einnig betri hljóðvist í götunni, en það verður reyndar ekki vandamál þegar allir vagnar verða rafknúnir

### Lýsing

Gert er ráð fyrir lágstemmdri led-lýsingu upp á veggi, en auk hennar er gert ráð fyrir að komið verði fyrir lýsingu sem getur varpað myndum eða ljósi á torgrymið, eftir því hvaða stemmingu skal ná fram, jafnvel mynstri fyrir leiki, möguleikarnir eru margir. Unnt er að fella hærri staura inn í beðin, eða koma lýsingunni fyrir á þakbrúnum bygginga. Gert er ráð fyrir að lýsingin sé hluti af snjöllu Reykjavík þar sem birtan frá þeim lagar sig að aðstæðum, en auk þess geta þeir tengst upplýsinganeti, strætó, Veðurstofunni o.fl.






Hlemmur Mathöll



Tímabundin markaðstjöld



Gróðurhús og matjurtir




Græni skáli matarmarkaður  
23

### Matarmenning

Eitt af markmiðum skipulagsins er að styðja við núverandi matarmenningu á staðnum og styrkja hana enn frekar. Segja má að í húsunum allt í kringum torgið sé nú þegar seldar veitingar af ýmsum toga, en Mathöllin hefur gert Hlemm að einum vinsælasta stað í Reykjavík til að hittast og fá sér snarl. Með tillögunni bætist í flórana Norðurpóllinn sem veitingastaður -og krá og Græni skáli matarmarkaðurinn, þar sem hægt er að kaupa ýmiskonar hráefni og matvöru auk þess sem veitingar yrðu seldar í einhverjum mæli. Einnig er gert ráð fyrir að torgið í heild verði nýtt fyrir grænmetismarkaði, jólamarkaði eða hvað sem fólk vill selja í skammtímastæði á torginu. Við Mathöllina er staðsett lítið gróðurhús, hugsað til ræktunar matjurta í litlum mæli og í tengslum við það eru matjurtabeð í sama tilgangi.





### Sögulegar skírskotanir

Í tillögunni er minningin um Rauðará og Vatnsprónna dregin fram með tveimur tjörnum en á milli þeirra er einskonar brú sem minnir á hlemminn sem var yfir ána.

Burðarklárinn sem er kominn nær jörðu er á leið í áttina að vatninu til að svala þorstanum, en á torginu verður einnig komið fyrir bryningartækjum fyrir fólk og hunda.

Til að heiðra minningu þvottakvennanna og draga fram legu Laugavegar er hellulagður mynstraður renningur sem minnir á handverk kvenna. Gasstöðin er minni í sjálfu sér og Norðurpóllinn er kominn aftur heim bara hinu megin við götuna. Hlemmur geymir ákveðið minni líka í sínu nýja hlutverki og vel mætti hugsa sér að minnast pönksins sem margir tengja við staðinn, ákveðnir bekkir eða element í yfirborði gætu haft skírskotun í það. Gamla Hlemmklukkan hefur fengið sinn stað aftur og er staðsett í gróðurbeði, þar sem klifurplöntur fá að vaxa upp stöplana.

### Vatn

Auk þess að vera minning um vatn sem var, þjóna tjarnirnar á torginu þeim tilgangi að taka við yfirborðsvatni. Þær eru staðsettar í lágpunkti svæðisins, en Laugavegur hallar til baka hér áður en hann fer að halla niður í bæ. Frá torginu er vatnið í sömu hæð og yfirborðið en vegna landhalla rennur vatnið fram af 30-40cm kanti þeim megin sem Mathöllin er, þar sem renna tekur við því ásamt því vatni sem rennur á yfirborði að vestanverðu. Vatnið er grunnur spegill, en undir yfirborði er tankur sem safnað getur upp ákveðnu magni af vatni í rigingu og nýtt það í hringrás í tjörnina.

Steypujárnsrist er yfir vatnsrennunni meðfram dreglinum með mynstri með ýmiskonar þvottatáknum, sem einnig minnir á tilgang Laugavegar í upphafi. Grænu beltin í götunum eru nýtt sem blágrænar ofanvatnslausnir og er það regnvatn óháð tjörnunum.

Heita vatnið fær að vera sýnilegt á yfirborði í grunnri fótabaðsлаг við setsvæðin, hér er kærkomið tækifæri til að hvíla þreytta fætur og staldra við í amstri dagsins. Gufan skapar ákveðna dulúð og minnir á nafn Reykjavíkur og leiðina upp Laugaveg að þvottalaugunum.



